



Fréttatilkynning
31 October 2025 15:33:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 3. nóvember

Íslandsbanki verður með útboð á tveimur flokkum sértryggðra skuldabréfa mánudaginn 3. nóvember 2025. Boðnir verða út flokkarnir ISB CB 31 og ISB CBI 32.

Fyrirkomulag útboðs verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð verða tekin á hæstu samþykktu ávöxtunarkröfunni. Bankinn áskilur sér rétt til að samþykkja eða hafna tilboðum að hluta til eða öllu leyti.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ISB CBI 26 eiga þess kost að selja bréf í flokknum gegn kaupum á skuldabréfum í ofangreindu útboði. Verð á ISB CBI 26 er fyrirfram ákveðið og er hreint verð 99,2477.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskipta er 10. nóvember 2025.

Sértryggðu skuldabréfin verða gefin út undir útgáfuramma Íslandsbanka fyrir sértryggð skuldabréf. Grunnlýsingu ásamt viðaukum má finna á vefsíðu fjárfestatengsla: [Sértryggð skuldabréf grunnlýsing](#).

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið vbm@isb.is fyrir kl. 16:00 þann 3. nóvember 2025.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Útboð á sértryggðum skuldabréfum 3. nóvember](#)